



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Nauthólsveg 100 frá 25. október og 1. nóvember sl.

Á fundi borgarráðs 1. nóvember sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvenær mun Háskólinn í Reykjavík taka formlega við bragganum? Af hverju er Háskólinn í Reykjavík ekki byrjað að borga leigu og hvenær verður endanlegur leigusamningur kláraður? Hvar er heildarlisti yfir þær minjar sem kostaði samkvæmt skrifstofu eigna og atvinnuþróunar 70 milljónir að bjarga? Hver var það sem setti það í gögn sem varðar braggann að þetta verkefni væri minjavernd?“

Á fundi borgarráðs 25. október sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir sundurliðuðum reikningum vegna allra efniskaupa vegna Nauthólsvegar 100.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Grunnstoð ehf, er leigutaki að Nauthólsvegi 100. Leigutaki hefur fengið braggann afhentan til reksturs, tekið hann í notkun og greitt leigu frá júlí 2018. Leigusamningur var samþykktur í borgarráði 16. júlí 2015. Ekki hefur staðið til að gera annan leigusamning en núverandi leigusamningur er til 10 ára.

Varðandi hver það var sem setti það í gögn að þetta væri minjavernd, þá kemur fram í minnisblaði frá árinu 2010 frá Guðný Gerði Gunnarsdóttur núverandi minjaverði Reykjavíkur en þáverandi borgarminjaverði til Menningar og ferðamálaráðs að um sé að ræða minjar og bæri að vernda. Í tölvupósti frá sama tíma hafnar borgarminjavörður því að hús verði rifinn fyrr en búið er að marka stefnu um varðveislu þessara minja. Menningar- og ferðamálaráð tók síðan þetta fyrir á fundi í júní 2010 og lagðist gegn því að húsin verði rifin þar sem um væri að ræða minjar. Í byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun frá árinu 2013, skýrslu 161 unnin af Minjasafni Reykjavíkur kemur fram að um sé að ræða menningarminjar og lagt til að þær njóti verndar.

Varðandi lista yfir minjar sem reist voru veturinn 1942-1943 sem gistihús og nefndist Hótel Winston en hafa verið endurbættar og leigðar til Grunnastöðar ehf. er um að ræða skemmu, tengihús, náðhús og bragga. Þetta er hluti af fastanúmeri F2029677, skráð matseining 01 en var áður skráð matseiningar 01,02,08 og 09 samkvæmt Þjóðskrá.

Á reikningum sem þegar hafa verið afhentir í borgarráði er sundurliðun á efniskaupum annars vegar og vinnuliðar hins vegar þar sem það á við. Reykjavíkurborg gerir ekki kröfu um að gefnir séu út sérstakir reikningar vegna efnisþáttar. Við yfirferð á þessum reikningum er efnisþáttur um 34% af heildarkostnaði.

Óli Jón Hertervig

